

FRÉTTABREF ÞINGEYJARSKÓLA

10. DESEMBER 2024

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Þá fer árið 2024 að líða undir lok og jólafrí nemenda og starfsfólks Þingeyjarskóla handan við hornið. Við, skólastjórnendur í Þingeyjarskóla, ætlum að gera það að venju að gefa út fréttabréf reglulega með fréttum úr skólastarfinu í bland við annað sem við viljum koma á framfæri við ykkur. Útgáfa fréttabréfs er liður í sameiginlegri stefnumótun leik- og grunnskóladeilda Þingeyjarskóla með það að leiðarljósi að styrkja tengsl heimilis og skóla enn betur og einnig tengsl skólans við nærsamfélagið.



JÁKVÆÐUR AGI

Þingeyjarskóli vinnur eftir hugmyndafræði og uppeldisstefnu **Jákvæðs aga**. Hugmyndafræðin gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Í stefnu jákvæðs aga er lögð áhersla á kennslu, skilning, hvatningu og jákvæð samskipti. Þá er rík áhersla lögð á gott samstarf og samtal milli heimilis og skóla.

Í Þingeyjarskóla er unnið með jákvæðan aga eftir aldri og þroska nemenda hverju sinni. Í grunnskólanum var eitt af fyrstu verkefnum haustsins að útbúa **bekkjarsáttmála** sem einkennist af því hvernig skólabrag nemendur vilja hafa í skólanum sínum og innan nemendateymisins. Starfsfólk gerði sér einnig starfsmannasáttmála. Þá eru kennarateymi dugleg að nýta sér **bekkjarfundi** og eru þeir á dagskrá vikulega. Á bekkjarfundum er leitað lausna við verkefnum sem upp koma innan skólans eða bekkjarins og lausnaleit og samskiptahæfni þjálfuð meðal nemenda. Þá eru bekkjarfundir einnig frábær vettvangur til að vinna með hrós og þakkir.

Í leikskóladeildunum er lögð áhersla á samskipti starfsfólks og barna, þ.e. hvernig starfsfólk kemur fram af yfirvegum og hlýju, notar opnar spurningar, setur nafn á tilfinningar og viðurkennir þær með virkri hlustun. Börnin fá svigrúm og næði ef þau vilja til að koma jafnvægi á tilfinningar sínar. Eldri börn setjast á stutta barnafundi með kennurum.



ENDURSKOÐUÐ SKÓLANÁMSKRÁ OG STARFSÁÆTLUN

Hverjum skóla er gert að birta stefnu sína með tvennum hætti, í skólanámskrá og starfsáætlun.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og hvernig skólinn lagar opinber fyrirmæli að sérstöðu sinni og staðbundnum aðstæðum með skólastefnu sveitarfélagsins í huga. **Starfsáætlun** geymir upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs og er gefin út á hverju hausti.

Skólanámskrár eru endurskoðaðar reglulega. Vinna við skólanámskrá í Barnaborg og Krílabæ stendur yfir og skólanámskrá grunnskólans var endurskoðuð í haust. Á heimasíðu Þingeyjarskóla er hægt að lesa bæði skólanámskrár og starfsáætlanir.

FRAMUNDAN

12. des. Litlu jólin í Krílabæ.

16.-18. des. Jólápema í grunnskóla.

17. des. Litlu jólin í Barnaborg.

19. des. Litlu jólin í grunnskóla.

2. jan. Krílabær opnar eftir jólaleyfi.

3. jan. Grunnskóli og Barnaborg hefjast að nýju eftir jólaleyfi.

6.-10. jan. Dansvika.

10. jan. Danssýning grunnskóla kl. 11:40.

13. jan. Starfsdagur í Þingeyjarskóla.

14. jan. Viðtöl/annaskil í grunnskóla.

15. jan. Starfsdagur í grunnskóla.



Ábyrgð, virðing, gleði.



EINN SKÓLI - EIN HEILD - MARGIR MÖGULEIKAR

Þó skólastjórar Þingeyjarskóla séu orðnir tveir, einn í grunnskóla- og tónlistardeild og einn í leikskóladeildum, leggjum við áfram áherslu á að hjálpast að, efla skólastarfið og leyfa styrkleikum hvers einstaklings að njóta sín. Um leið kallar mismunandi aldur nemenda og ólíkar námskrár skólastiganna á skipulag í margar minni einingar og hópa.

Í haust fór ný heimasíða skólans í loftið, <https://www.thingeyjarskoli.is/>, en á henni er að finna allar helstu upplýsingar um allar deildir skólans ásamt fréttum úr skólastarfinu. Endilega verið dugleg að kíkja við á heimasíðunni okkar.



Nemendur ungingastigs og leikskóla í leikskólavali.

HAUSTGLEÐI GRUNNSSKÓLA OG TÓNLISTARDEILDAR

Í nóvember héldum við haustgleði Þingeyjarskóla hátíðlega. Að þessu sinni settu nemendur ungingastigs upp leikritið **Lína langsokkur** ásamt nemendum í 3. og 4. bekk. Þá tóku nemendur miðstigs þátt í leikmunagerð.

Haustgleðin er stórt og mikið samstarfsverkefni bæði nemenda og starfsfólks þar sem sköpun, gleði og samvinna ræður ríkjum. Það er ekki sjálfgefið að setja upp hátíð sem þessa en ávinningurinn er mikill fyrir skólasamfélagið okkar. Þegar allir leggjast á eitt við uppsetningu sem þessa styrkjast stoðir jafnréttis og lýðræðis í skólastarfinu og við finnum fyrir jákvæðum áhrifum á samkennd nemenda og skólaandann. Þá má ekki gleyma samstarfinu við heimilin og nærsamfélagið sem verkefni sem þetta kallar á.

Takk öll fyrir ykkar þátt í haustgleðinni.



Nemendur ungingastigs ásamt 3. og 4. bekk.

FRÉTTIR ÚR LEIKSÓLADEILDUNUM

Foreldrakaffi Barnaborgar var 24. september. Listaverk barnanna héngu á veggjum, börnin sungu nokkur lög við undirleik Péturs tónlistarkennara og gerðu leikrit við lagið „Leit ég litla mús“. Börnin voru mjög stolt af því að setja upp leikrit eins og nemendur grunnskólans og bíða mörg þeirra spennt eftir því að fá að taka þátt í slíkri uppfærslu.

Jólafondur Krílabæjar var 27. nóvember þar sem foreldrar, ömmur og afar mættu til að fönndra með börnunum. Einbeiting skein úr hverju andliti meðan hvert listaverkið af öðru leit dagsins ljós.

Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna á þessa viðburði.



Nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.



Bestu kveðjur og óskir um gleðilega jólahátíð.

Með þökkum fyrir samstarfið á árinu.

Lilja og Nanna

